



Forsætisráðuneytið  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
Lækjargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. ágúst 2022

Sent á samráðsgátt

### **Fni: Umsögn um áform um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019**

Samtök atvinnulífsins hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 3. ágúst. Lagðar eru til breytingar á lögum nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands sem tóku gildi 1. janúar 2020. Í fyrsta lagi er lagt til að seðlabankastjóri eigi sæti í fjármálastöðugleikanefnd og verði formaður nefndarinnar í stað varaseðlabankastjóra nú. Í öðru lagi er lagt til að kveðið verði á um að Seðlabanki Íslands taki ákvarðanir sem faldar eru Fjármálaeftirlitinu og að fjármálaeftirlitsnefnd skuli taka íþyngjandi ákvarðanir, svo sem um álagningu stjórnvaldssekta.

Að mati SA eru breytingarnar eðlilegar og jákvæðar. Þær eru byggðar á úrbótatillögum nefndar sérfræðinga sem önnuðust úttekt samkvæmt bráðabirgðaákvæði VI. laganna. Í skýrslu nefndarinnar má finna fleiri umbótatillögur en svo virðist sem áformin geri eingöngu ráð fyrir því að hluti tillagnanna leiði til breytinga á lögnum. Í áformaskjalinu segir að frekari úttektir kunnri að verða tilefni frekari breytinga. Áðurnefnt bráðabirgðaákvæði gerir hins vegar eingöngu ráð fyrir einni úttekt, sbr. þó 36. gr. laganna en þar á önnur nefnd sérfræðinga hlut að máli. Skýrsla nefndarinnar er ítarleg en þar segir til dæmis að endurmeta þurfi ákvörðunarvald nefnda Seðlabankans um stjórnþeki hans í samræmi við markmið með beitingu tækjanna og verkaskiptingu. SA hafa áður bent á mikilvægi þess að skýrt sé hvaða nefnd beri ábyrgð á og fari með vald yfir stýritækjum bankans hverju sinni og að verksvið þeirra sé vel afmarkað.

SA telja því rétt að við þetta tækifæri verði gengið lengra og lögnum breytt í takti við allar þær ábendingar sem koma fram í skýrslunni.

### **Virðingarfyllst,**

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir